



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 12. október 2024

USK24040128

TILLAGA

Tillaga

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að afturkalla gjaldskyldu á eftirfarandi götum, þar til Háskóli Íslands hefur gjaldtöku á nærlægum svæðum:

- Aragata
- Oddagata
- Sæmundargata

Greinargerð:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 12. júní síðastliðinn var samþykkt gjaldskylda á ofantöldum götum. Með þessari tillögu er sú gjaldskylda dregin til baka. Núgildandi gjaldskylda á götunum tók gildi með birtingu auglýsingar í Stjórnartíðindum þann 9. júlí og uppsetningu merkinga og gjaldmæla, en gjaldtaka hófst formlega 2. september síðastliðinn.

Vegna frestunar Háskóla Íslands á gjaldskyldu á svæðum Háskólans er ekki þörf fyrir gjaldskyldu á þessum götum fyrir en Háskóli Íslands hefur gjaldtöku.


Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri

Hjálagt:

- Yfirlitsmynd sem sýnir göturnar sem gjaldskylda er afturkölluð á.



Reykjavík



Svæðið sem tillagan nær til er merkt með bláu á myndinni